

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 8. nóvember 2021  
UST202103-081/G.S.Á.  
08.06.02

**Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr. T0113 (101.07.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Örfirisey.**

Umhverfisstofnun bárust þann 31. október sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Örfirisey. Geymirinn er nr. T0113, / nr. H7 (101.07.00). Geymirinn er 3.990 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1964 og er staðsettur í mengunarvarnarpó fólagsins í Örfirisey.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá NDT ehf., þann 3.-4. mars 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu og virðist hann vera nýlega málaður að utan en þó megi finna ryð læðast út, neðst á byrðingum geymisins. Kemur fram að gólf geymisins, ásamt neðsta umfari sé ómálað og lítur geymirinn þökkalega út að innanverðu. 1-2 mm djúpa tæringarpytti má finna víða um gólfið og að minnsta kosti einn pyttur er um 3mm djúpur.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt,

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur